

Haldið er óreglulegt dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) laugardaginn 4. maí 2024.

Fyrir er tekið:  
agamál nr. 54/2023-2024  
Körfuknattleikssamband Íslands  
gegn  
DeAndre Kane

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 1. maí 2024. Kærandi er körfuknattleikssamband Íslands, kt. 710169-1369, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Kærð er háttsemi leikmanns Grindavíkur númer 7, DeAndre Kane í leik Grindavíkur og Keflavíkur sem fram fór í Kópavogi, á bráðabirgða heimavelli Grindavíkur, í úrslitakeppni Subwaydeildar karla þann 30. apríl 2024.

### II.

#### Atvik máls

Hinn 1. maí 2024 barst aga- og úrskurðarnefnd eftirfarandi lýsingu úr atvikaskýrslu dómara:

*Leikmaður númer [7], Deandre Kane, fær dæmda á sig eina óíþróttamannslega villu í fyrri hálfleik og svo eina tæknivillu í síðari hálfleik og þarf því að yfirgefa leikvöllinn. Þegar honum er tilkynnt að hann eigi að yfirgefa leikvöllinn bregst hann illa við og neitar að yfirgefa völlinn strax. Þegar gæsla kemur og er að fylgja honum út slær hann í myndavél, hreytir einhverju að varamannabekk keflavíkur og lemur svo í skilti á leið sinni út. Það skal tekið fram að starfsmaður stöðvar 2 situr fyrir aftan tiltekið skilti og virðist bregða talsvert við þessa hegðun.*

### III.

#### Greinargerð kærða

Greinargerð Grindavíkur, sem barst hinn 3. maí 2024, er svohljóðandi:

## **Kröfugerð**

Félagið gerir þær kröfur fyrir nefndinni að leikmanni nr. 7 í Grindavík verði veitt áminning vegna þeirrar háttsemi sem fram kemur í atvikaskýrslu sem liggur frammi í málinu.

Til vara er gerð sú krafa að auk framangreinds verði lögð fésekt á leikmanninn að álitum allt að fjárhæð kr. 150.000,-

Til þrautavara er gerð sú krafa að leikmaðurinn fái að hámarki eins leiks bann.

## **Fororð**

Með tölvupósti frá skrifstofu KKÍ dags. 01.05.24 var fulltrúi félagsins upplýstur um að atvikaskýrsla úr leik Grindavíkur og Keflavíkur sem fram fór hinn 30.04.24 hafi verið send aga- og úrskurðarnefnd. Síðar sama dag barst tölvupóstur frá skrifstofu KKÍ þar sem greint er frá því að aga- og úrskurðarnefnd óski eftir umsögn félagsins sem berast þurfi fyrir lok dags hinn 02.05.24.

Að morgni 02.05.24 óskaði félagið eftir því við skrifstofu KKÍ að eftirgreindri fyrirspurn yrði komið á framfæri við formann aga- og úrskurðarnefndar:

„Undir hvaða staflið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál kemur til skoðunar af hálfu aga- og úrskurðarnefndar að heimfæra háttsemi leikmannsins?“

Fyrirspurninni var svarað greiðlega á eftirfarandi hátt:

„Við fyrstu skoðun kemur til álita að heimfæra háttsemi kærða á a), c) eða e) lið 1. mgr. 13. gr. Rétt er jafnframt að benda á tilvist f) liðar 1. mgr. 13. gr. í þessu samhengi. Nefndin telur sig þó ekki bundna af þessu bráðabirgðamati og áskilur sér rétt til að líta til annarra ákvæða, eftir atvikum.“

## **Atvik máls**

Í atvikaskýrslu kemur eftirgreint framt:

„Leikmaður númer 9 [sic], Deandre Kane, fær dæmda á sig eina óíþróttamannslega villu í fyrri hálfleik og svo eina tæknivillu í síðari hálfleik og þarf því að yfirgefa leikvöllinn. Þegar honum er tilkynnt að hann eigi að yfirgefa leikvöllinn bregst hann illa við og neitar að yfirgefa völlinn strax. Þegar gæsla kemur og er að fylgja honum út slær hann í myndavél, hreytir einhverju að varamannabekk keflavíkur og lemur svo í skilti á leið sinni út. Það skal tekið fram að starfsmaður stöðvar 2 situr fyrir aftan tiltekið skilti og virðist bregða talsvert við þessa hegðun.“

Félagið gerir engar athugasemdir við fyrsta málslið atvikalýsingarinnar. Leikmaður nr. 7, Deandre Kane fékk sannarlega eina óíþróttamannslega villu í fyrri hálfleik og svo eina tæknivillu í síðari hálfleik og þurfti því að yfirgefa leikvöllinn.

Hvað viðvíkur atvikalýsinguna í kjölfarið gerir félagið heldur engar sérstakar athugasemdir að því frátöldu að varhugavert er að ætla starfsmanni Stöðvar 2 að hafa brugðið talsvert, vegna tiltekinnar hegðunar leikmannsins, þ.e. atviksorðinu talsvert er hér ofaukið að óþörfu í herðandi merkingu og er í reynd um getgátur skýrsluhöfundar að ræða.

Í atvikalýsingu kemur hins vegar ekki eftirgreint fram. Í kjölfar þess að dæmd var tæknivilla á leikmann nr. 7 í liði Grindavíkur (að undangenginni óíþróttamannslegrar villu) var leikmanninum vísað til búningsherbergja líkt og um brottrekstrarvillu væri að ræða.

Til að einfalda alla heimfærslu til viðurlagaákvæða 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál leggur félagið til að lagt verði til grundvallar um atvik málsins að í kjölfar tæknivillunnar og þar með útilokunar leikmannsins hafi framkoma hans (samkvæmt atvikalýsingu) verið óþrúðmannleg.

### **Sjónarmið félagsins varðandi atvik málsins**

Í reglum FIBA (ísl. þýðing) grein 37.2.3 kemur fram að leikmaður skuli útilokaður til loka leiks fái hann eina óíþróttamannslega villu og eina tæknivillu. Ef leikmaður er útilokaður samkvæmt framangreindu skal aðeins refsast fyrir síðarnefndu villuna og engin viðbótarrefsing skal koma til vegna útilokunarinnar (gr. 37.2.4).

Eðlileg framrás atburða í slíkum tilvikum er að leikmanni skuli vísað á svæði varamanna liðsins en fram kemur í sömu reglum (grein 2.4.5) að á svæði varamanna skuli vera 16 sæti til reiðu fyrir liðsmenn, þ.e. þjálfara, aðstoðarþjálfara, varamenn, útilokaða leikmenn og fylgismenn liðs.

Skilgreining á hugtakinu útilokaður leikmaður kemur víðar við í reglum FIBA og bera þær allar að sama brunnni, þ.e. að leikmaður sem er útilokaður frá leiknum, með þeim hætti sem leikmaður nr. 7 í liði Grindavíkur var, skuli eiga víst sæti á svæði varamanna liðsins (sbr. t.d. grein 4.1.2 og 39.2.1.)

Reyndin er önnur þegar dæmd er brottrekstrarvilla á leikmann. Um slíkar villur er fjallað í grein 38 í reglum FIBA (ísl. þýðing). Kemur þar fram að öll gróf óíþróttamannsleg hegðun leikmanns eða liðsmanna á varamannabekk sé brottrekstrarvilla (grein 38.1). Ávallt þegar brotlegur fær brottrekstrarvillu skal hann fara til búningsherbergja síns liðs og halda sig þar á meðan leik stendur eða, ef hann svo kýs, yfirgefa íþróttahúsið.

Fallist aga- og úrskurðarnefnd á lögskýringar félagsins að þessu leyti liggur fyrir að leikmanni nr. 7 í Grindavík hafi verið gerð viðbótarrefsing að ósekju í kjölfar útilokunar frá leiknum með því að vísa honum til búningsherbergja. Gildi einu þótt í framkvæmd hafi dómara vísað leikmönnum til búningsherbergja í kjölfar atvika sem lýst er í grein 37.2.3 hér að framan. Í reynd má halda því fram að með því að vísa leikmanninum til búningsherbergja í stað svæðis varamanna hafi verið hrundið af stað atburðarrás sem veldur því málið hvílir nú á borði aganefndar og bíður úrskurðar. Félagið er þó þeirrar skoðunar að í þeirri atburðarrás skuli hver og einn taka ábyrgð á eigin gjörðum að virtu heildarmati á atvikum öllum.

### **Sjónarmið félagsins varðandi viðurlög í málinu**

Í málinu liggur fyrir að til skoðunar sé að fella háttsemi leikmannsins (atvik) undir tiltekna staflíði 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Í þessum staflíðum er þeim atvikum lýst sem leiða eiga til þeirrar viðurlaga sem þar er kveðið á um. Ef atvik falla undir lýsinguna er aga- og úrskurðarnefnd bundin af þeim viðurlögum sem þar er kveðið á um.

Að sama skapi er aga- og úrskurðarnefnd skylt að beita gagnályktun ef atvik málsins eru ekki með þeim hætti sem kveðið er á um í þessum staflíðum, þ.e. ef atvik málsins samrýmast ekki atvikum eins og þeim er lýst undir viðkomandi staflíð þá er aga- og úrskurðarnefnd óheimilt að beita viðurlögum samkvæmt þeim.

a liður: Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villna, tveggja tæknivillna, einnar tæknivillu og einnar óíþróttamannslegrar villu [...], skal viðkomandi sjálfkrafa fá áminningu. [...] Ef leikmanni er vísað aftur af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sjálfkrafa sæta eins leiks banni.

Félagið telur einboðið að a-liður eigi við í málinu og eiga því viðurlög samkvæmt þeim lið að vera áminning enda hefur leikmanninum ekki áður verið vísað af velli af sömu ástæðum.

c liður: Hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja eða þriggja leikja banni. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí. [...]

Fyrir liggur í málinu að leikmanninum var ekki vísað af velli fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu. Orðalagið stafliðarins vísar til brottrekstrarvillu sem aldrei var ákvörðuð af hálfu dómara leiksins. Leikmaðurinn fékk eina óípróttamannslega villu og eina tæknivillu og var útilokaður frá leiknum. Sé gagnályktun beitt er útilokað annað en að komast að þeirri niðurstöðu að ákvæðið eigi ekki við. Hér varar félagið sérstaklega við því að aga- og úrskurðarnefnd misbeiti valdi sínu við val á leiðum til úrlausnar málsins. Nefndin ber ríkar skyldur til að haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar lögskýringaraðferðir sem og meginreglur um réttláta málsmeðferð. Framansagt er sérstaklega mikilvægt þegar haft er í huga að úrskurðum nefndarinnar í agamálum verður ekki skotið til áfrýjunardómstóls KKÍ nema að uppfylltum mjög þröngum skilyrðum.

e – liður: Ef einstaklingur gerist sekur um viljandi líkamsmeiðingar eða tilraun til slíks, eða aðra hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum eða starfsmönnum leiks þá, skal aga og úrskurðarnefnd dæma viðkomandi í að minnsta kosti fimm leikja bann. Ef atlagan hefur haft alvarlegar afleiðingar þá hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. [...]

Félagið jatar að því sé brugðið ... talsvert ... yfir því að til álita komi að fella háttsemi leikmannsins hér undir. Ekkert í framlagðri atvikalýsingu kemst með tærnar þar sem atvikalýsing e-liðar hefur hælana. Samkvæmt beinni orðskýringu á ákvæðið við þegar leikmaður gerist sekur um meiriháttar aðför að dómurum eða starfsmönnum leiks. Félagið leyfir sér að útiloka út frá atvikalýsingu að aga- og úrskurðarnefnd íhugi að leikmaðurinn hafi gert atlögu að dómurum leiksins og kemur þá til skoðunar hvort starfsmenn leiksins hafi stöðu brotaþola í málinu. Samkvæmt reglum FIBA (ísl. þýðing) kemur hugtakið starfsmaður víða fyrir. Því sem næst öll ákvæði sem snúa að starfsmönnum leiks fjalla um starfsmenn ritaraborðs en einnig er fjallað um eftirlitsmann (ef hann er til staðar) og í einu tilviki tölfræðistarfsmann. Ekki er að sjá að atvikalýsing fjalli á nokkurn hátt um aðför leikmannsins að þessum starfsmönnum. Útvíkkun hugtaksins (starfsmenn leiks) að því leyti að það nái til starfsmanns Stöðvar 2 (sbr. atvikalýsingu) er óhugsandi með vísan til viðurkenndra lögskýringasjónarmiða. Þó svo að vilji aga- og úrskurðarnefndar standi til að reyna svo á þanþol hugtaksins er ljóst að hegðun leikmannsins gagnvart þeim starfsmanni var hvorki meiriháttar ósæmileg né var hún atлага sem hafði alvarlegar afleiðingar þrátt fyrir að starfsmanni Stöðvar 2 hafi vírst brugðið ... talsvert.

f – liður: Af hálfu aga- og úrskurðarnefndar er félaginu góðfúslega bent á tilvist f-liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál en hún kveður á um að brot sem varða refsingu samkvæmt a – lið til og með d – lið geti haft ítrekunaráhrif gagnvart hverju öðru. Er aga- og úrskurðarnefnd falið að meta í hverju og einu tilviki hvort ítrekunaráhrifa eigi að gæta og haga viðurlögum í samræmi við það. Hér er nefndinni veitt mikið svigrúm sem jafna má til geðþótta. Fyrir liggur að viðkomandi leikmaður er úrskurðarþoli nefndarinnar í enduruppteknu agamáli nr. 41/2023-2024. Í því máli vísaði aga- og úrskurðarnefnd til þess að hún hefði þegar ákvarðað tveggja leikja bann (í úrskurði sem nefndin felldi sjálf úr gildi vegna annmarka) en í ljósi þeirra sérstöku atvika sem leiddu til dráttar á málinu var leikmaðurinn úrskurðaður í eins leiks bann á grundvelli c – lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Verði niðurstaða nefndarinnar í máli þessu að fella háttsemi leikmannsins undir a – lið 1. mgr. 13. gr. sem leiða ætti til áminningar er nefndin þá þess umkomin að meta hvort að ítrekunaráhrifa eigi að gæta á milli þessara tveggja brota og haga viðurlögum samkvæmt því, eftir atvikum með því að úrskurða leikmanninn í leikbann? Hvaða sjónarmið gæti nefndin lagt til grundvallar því mati? Sem fyrr rís sú hættu að nefndin misbeiti valdi sínu við val á úrlausn málsins eða verði jafnvel bert að valdnieðslu (d. magtfordrejning). Félagið leggur til við aga- og úrskurðarnefnd að hún horfi frekar til þeirrar ágætu reglu sem birtist í niðurlagi a – liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál um að ítrekunaráhrif samkvæmt því ákvæði falli niður þegar úrslitakeppni hefst og noti hana sem leiðarljós í lögskýringu sinni komi til álita að beita f – lið 1. mgr. 13. gr. í málinu.

Félagið leyfir sér einnig að benda á að samkvæmt I – lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál getur brot samkvæmt 13. gr. varðað sektum allt að fjárhæð kr. 150.000,- í meistaraflokki [...]. Sama gildir ef „þessir aðilar“ verði uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu. Félagið játar að hér þurfi að beita skapandi lögskýringu. Aðilar í skilningi ákvæðisins hljóta að vera allir þeir sem taldir eru upp í einstökum staflaðum 1. mgr. 13. gr. þar með taldir leikmenn. Félagið gerir engar athugasemdir við það ef aga- og úrskurðarnefnd ákvarðar leikmanninum fésekt til viðbótar áminningu á grundvelli a – liðar 1. mgr. 13. gr. Myndi þá félagið með geði glöðu selja aga- og úrskurðarnefnd sjálfðæmi um fjárhæð sektarinnar þó innan þeirra marka sem kveðið er á um í ákvæðinu.

Að lokum óskar félagið eftir því að litið verði til þess ranglætis (fallist nefndin á sjónarmið félagsins varðandi atvik málsins) sem leikmaðurinn var beittur með því að vísa honum til búningsherbergja við ákvörðun viðurlaga.

### **Áskilnaður**

Komi til þess að aga- og úrskurðarnefnd noti heimild sína skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál til að afla skriflegra athugasemda frá þeim er málið getur varðað eða gagna að öðru leyti sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðu nefndarinnar í málinu brýnir félagið fyrir nefndinni að því sé gefinn kostur á að koma að skriflegum athugasemdum um þau gögn. Áskilnaður þessi er illu heilli lagður fram í ljósi þess að misbrestur varð á í þessu sambandi af hálfu nefndarinnar í hinu endurupptekna agamáli (41/2023-2024) þar sem nefndin byggði niðurstöðu sína öðrum þræði á skriflegum skýringum dómara sem aldrei voru kynntar félaginu.

### **Áskorun**

Að lokum skorar félagið á aga- og úrskurðarnefnd að stilla úrskurði sínum upp eins og 4. mgr. 10. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál áskilur og huga vel að c – lið málgreinarinnar um rökstuðning fyrir niðurstöðu sinni.

## **IV.**

### **Niðurstaða**

#### **A.**

Í greinargerð er vísað til gr. 37.2.3 í íslenskri þýðingu á reglum leiksins (FIBA). Byggir kærði á að rétt hefði verið að vísa kærða á varamannabekk síns liðs, fremur en að gera honum að yfirgefa leikstað. Er á því byggt að hann hafi talist „útilokaður leikmaður“ í skilningi reglnanna.

Í enskri útgáfu reglna FIBA er gerður skýr greinarmunur á leikmanni sem er „excluded“ annars vegar og „disqualified“ hins vegar, en bæði þessi hugtök eru þýdd sem „útilokaður“ í íslenskri þýðingu. Samkvæmt gr. 4.1.3 er leikmaður „excluded“ þegar hann hefur hlotið fimm villur og er ekki lengur heimilt að taka þátt í leik. Leikmaður er „disqualified“ ef hann t.d. hefur fengið eina óíþróttamannslega villu og eina tæknivillu, líkt og ræður um í þessu máli, sbr. gr. 36.2.3.

Samkvæmt gr. 38.3.2 skal leikmaður sem hefur verið „disqualified“ yfirgefa keppnisstað. Í enskri útgáfu reglnanna er skýrt að þessi grein eigi við um öll tilvik þegar leikmaður er „disqualified“ en ekki eingöngu í þeim tilvikum sem leikmaður eða þjálfari hefur hlotið beinan brottrekstur. Þannig var kærða réttilega gert að yfirgefa keppnisstað í umræddum leik.

#### B.

Í málinu er óumdeilt að kærða var vísað af velli eftir að hafa hlotið eina óíþróttamannslega villu og eina tæknivillu. Er háttsemi kærða því réttilega heimfærð á a. lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Kemur því til skoðunar hvort fyrri agabrot kærða leiði til ítrekunaráhrifa en í málinu liggur fyrir að kærði hlaut eins leiks bann skv. c. lið 1. mgr. 13. gr. með úrskurði nefndarinnar í enduruppteknu máli 41-2023/2024. Brotið var framið í leik í deildarkeppni.

Samkvæmt f. lið 1. mgr. 13. gr. geta brot sem varða refsingu samkvæmt a. til d. liðum 1. mgr. 13. gr. haft ítrekunaráhrif gagnvart hverju öðru. Í lokamálsliði a. liðar 1. mgr. 13. gr. segir þó að ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæðinu falli niður þegar úrslitakeppni hvers flokks hefst.

Þótt lesa megi lokamálslið a. liðar þannig að hún eigi eingöngu við um ítrekunaráhrif vegna ítrekaðra brot gegn a. lið er jafnframt hægt að skilja ákvæðið sem svo að það eigi við um ítrekunaráhrif almennt. Er rétt að skýra þennan vafa kærða í hag og er því ekki litið til fyrri agabrota við ákvörðun refsingar. Kærði skal því hljóta áminningu eftir a. lið 1. mgr. 13. gr.

#### C.

Eftir brottrekstur í umræddum leik vék kærði ekki strax af velli og hélt áfram að þræta við dómara leiksins. Þegar gæsla kom til að fylgja kærða af vellinum stjakaði kærði við gæslumanni og sló í grindverk á leið sinni út af keppnisstað, svo grindverkið skall á áhorfenda. Umrædd háttsemi er vítaverð og óþrúðmannleg og verður kærða því gert að greiða sekt samkvæmt l. lið 1. mgr. 13. gr. líkt og segir í úrskurðarorði.

#### D.

Að gefnu tilefni er rétt að áréttta að samkvæmt 5. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál hefur leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs heimild til að gera

skriflegar athugasemdir við atvikaskýrslu dómara vegna agamáls. Þar með eru tæmandi taldar heimildir kærða eða liðs til tjá sig um gögn máls í agamáli. Nefndinni er þannig ekki skylt að bera önnur samskipti nefndarinnar við dómara leiks, skrifstofu KKÍ eða aðra, eftir atvikum, undir leikmann eða lið í agamálum.

Þá er jafnframt rétt að taka fram að 4. mgr. gr. 10.4 gildir eingöngu um úrskurði í kærumálum en ákvæðið á ekki við um agamál. Þannig er nefndinni ekki skylt að gæta að ákvæðum gr. 4. mgr. 10.4, þ.m.t. d. lið um rökstuðning, í agamálum. Þó er nefndinni heimilt að rökstyðja niðurstöður sínar í meiriháttar agamálum, sbr. 7. mgr. gr. 10.4.

### **ÚRSKURÐARORÐ**

Með vísan til ákvæðis a. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál skal hinn kærði, DeAndre Kane, sæta áminningu vegna háttsemi sinnar í leik Grindavíkur og Keflavíkur, úrslitakeppni Subwaydeildar karla, sem fram fór þann 30. apríl 2024.

Með vísan til ákvæðis l. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál skal hinn kærði aukinheldur greiða sekt að fjárhæð 50.000 kr. vegna óprúðmannlegrar framkomu sinnar í kjölfar brottvísunar úr áðurnefndum leik.

Jónas Már Torfason, formaður

Leó Daðason, varaformaður

Björn Atli Davíðsson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Með vísan í 5. mgr. 9. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál tekur þessi úrskurður þegar gildi.